

Fréttatilkynning frá Þjóðskjalasafni Íslands

Nýtt rit um manntalið 1703

Dönsk stjórnvöld tóku ákvörðun um töku fyrsta heildarmanntals á Íslandi árið 1702. Vegna kvartana Íslendinga undan slæmu árferði og harðindum í lok 17. aldar taldi stjórnin í Kaupmannahöfn rétt að kanna aðstæður hér á landi m.a. með því að láta gera „eitt fullkomið registur yfir allt fólkið í landinu“ eins og segir í fyrirmælum Árna Magnússonar og Páls Vídalíns til sýslumanna. Sýslumenn báru ábyrgð á framkvæmd manntalsins en þeir fengu hreppstjóra til að annast sjálfa talninguna. Verkið tókst vel og verður að teljast mikið afrek. Talið var í öllum hreppum og eru allar manntalsskrárnar til enn þann dag í dag, varðveittrar í Þjóðskjalasafni.

Sérstaða manntalsins 1703 felst í því að það er elsta varðveitta manntal í heiminum sem nær til allra íbúa í heilu landi þar sem getið er nafns, aldurs, heimilisfangs flestra og þjóðfélags- eða atvinnustöðu allra þegnanna. Enginn önnur þjóð í heiminum á jafnákvæmar lýðfræðiupplýsingar frá þessum tíma.

Þegar Þjóðskjalasafn átti 130 ára afmæli árið 2012 sótti safnið um að manntalið færi á skrá UNESCO, *Memory of the World Register*. Árið eftir var sú umsókn samþykkt. Nú fimm árum síðar í tilefni af 135 ára afmæli safnsins gefur safnið út lítið rit um manntalið.

Í því er fjallað um tilurð og framkvæmd þessarar merkilegu samfélagsúttektar. Fjallað um sögu manntalsins og varpað skýrara ljósi en áður á hvenær unnið var úr manntalsgögnunum og hver saga frumskjalanna er, svo sem hvenær þau voru í Danmörku og á Íslandi.

Ritið *Manntalið 1703, arfur okkar allra* er 48 blaðsíður að lengd og prýtt myndum og margvíslegu skýringarefni. Útgáfudagur er afmælisdagur Þjóðskjalasafns 3. apríl. Kristjáni Þór Júlíussyni mennta- og menningarmálaráðherra verður afhent fyrsta eintakið á afmælishátíð safnsins þann dag.

Nánari upplýsingar veitir Eiríkur G. Guðmundsson, þjóðskjalavörður, í síma 820-3330 eða [eirikum@skjalasafn.is](mailto:eirikur@skjalasafn.is).